

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU



Erlendur veiðimaður rennir fyrir laxi við Hvalbak. Ljósmynd. SBG.

Pistill formanns

Ágætu félagar! Nú er að hefjast enn eitt veiðisumarið í Jökulsá á Dal og hliðarám hennar. Jökulsá er óútreiknaleg, þess vegna spyrja menn sig, hvaða hlið snýr upp þetta sumarið? Hvenær kemur yfirfall? Hvernig haga laxagöngur sér? Það eru nákvæmlega þessir þættir sem gera erfitt fyrir við fyrirfram sölu veiðileyfa í Jöklu. Þetta eru þættir sem mannlegur máttur hefur enga stjórn á. Mörg verkefni sem ekki tengjast náttúruöflum eða duttlungum árinna hvíla á herðum þeirra sem sitja í stjórn veiðifélagsins hverju sinni, félagi með lögbundna aðild allra veiðiréttarhafa, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Það liggur fyrir að veiðifélög eru ekki rekin sem áhugamannafélög þar sem hver og einn getur farið sínar eigin leiðir.

Eitt af skylduverkefnum veiðifélags er að hafa gilda arðskrá sem deilir tekjum af ánni milli veiðiréttarhafa en einnig útgjöldum ef þannig stendur á. Að gerð arðskrár hefur nefnd á vegum félagsins unnið einarðlega síðustu tvö ár. Voru niðurstöður kynntar á síðasta aðalfundi og hver og einn veiðiréttarhafa fær nú kynningu á sínum hluta og frest til athugasemda. Í haust verður síðan boðað til sérstaks félagsfundar til að afgreiða arðskrána. Verði hún ekki samþykkt eða hún kærð, tekur við ferli matsnefndar sem getur haft í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir félagið. Því er brýnt að veiðiréttarhafar komi nú í sumar sínum athugasemdum til arðskrárnefndar sem mun þá taka tillit til þeirra við gerð endanlegrar tillögu. Það væri allra hagur ef takast mætti að samþykkja réttláta arðskrá til næstu 4-5 ára. Af öðrum verkefnum má nefna kortlagningu veiðistaða og merkingu þeirra. Samið hefur verið við heimamenn um þá vinnu. Gerð stíga og bætt aðgengi að veiðistöðum er líka brýnt verkefni og gott að landeigendur hugi að þeim. Rannsóknir á lífríki árinna hafa verið unnar af Veiðimálastofnun í samvinnu við veiðifélagið en kostaðar af Landsvirkjun. Fimm ára samningur um það hefur runnið sitt skeið en það er vilji allra aðila að framlengja það samstarf. En hvernig sem við í þessu veiðifélagi, með Jökulsá enn í vöggum sem laxveiðiá, leggjum okkur fram um bætt umhverfi og aðgengi, eru það náttúruöflin sem eiga síðasta orðið. Gleðilegt veiðisumar?

Aðalsteinn Jónsson, formaður stjórnar

Fregnir af aðalfundi í apríl

Aðalfundur Veiðifélags Jöklu var haldinn í Brúarási 16. apríl sl. Á hann voru mættir um 30 manns og voru 37 atkvæði veiðiréttarhafa á fundinum með umboðum. Gestir fundarins voru Þröstur Elliðason leigutaki, Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Veiðimálastofnun og Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri lax- og silungsveiði hjá Fiskistofu. Í erindi Þrastar kom fram að sumarið 2015 hefði verið hið besta frá upphafi veiði í Jöklu. Sala veiðileyfa hefði hins vegar ekki gengið sem skyldi og ef ástundun hefði verið meiri sagðist Þröstur fullviss um að veiðisvæðið hefði rofið 1000 laxa múrinn. Þröstur sagði að betur horfði með sölu fyrir sumarið 2016 en vegna kulda sumarsins 2015 væru menn ekki bjartsýnir á smálaxagöngur. Stórlaxagöngur ættu hins vegar að skila sér. Guðni Guðbergsson fór yfir helstu rannsóknarniðurstöður frá 2015. Laxaseiðin í Jöklu dafna vel og í maga þeirra er bæði að finna ryk- og bitmý. Vatn í Jöklu súrnaði ekki þrátt fyrir gosið í Holuhrauni eins og menn óttuðust. Norðausturhornið hefur hins vegar orðið illa úti í kröppum sveiflum í laxagengd síðustu ára og endurheimtuhlutfall verið miklu lélegra enn annars staðar að sögn Guðna og skýrist það af breytingum í hafinu.

LAGAUMHVERFI VEIÐIFÉLAGA

Guðni Magnús Eiríksson frá Fiskistofu fór í sínu máli yfir lagaumhverfi veiðifélaga og hlutverk þeirra. Með lagabreytingum 2006 hefði áhersla á skynsamlega og sjálfbæra nýtingu verið aukin. Samkvæmt lögnum ætti að starfa eitt veiðifélag yfir hverju fiskihverfi, þ.e. því vatnasviði sem sömu fiskistofnar færu um. Hann sagðist hafa skoðað samþykktir félaganna við Jöklu sem væru öll stofnuð eftir að nýju lögin tóku gildi. Guðni Magnús sagði það koma sér spáskt fyrir sjónir að Veiðifélag Laxár væri sjálfstætt veiðifélag en Veiðifélag Kaldár væri deild í Veiðifélagi Jöklu. Að hans mati væri mikilvægt að þar sem væru deildir þá störfuðu þær undir aðalveiðifélaginu því að þar væri samráðsvettvangurinn. Hans skoðun væri að farsælla hefði verið að skrifa deildaskiptingu Laxár og Kaldár inn í samþykktir Veiðifélags Jökulsár á Dal en ekki vera með sérstakar samþykktir fyrir þveránnar. Sagði hann reynsluna sýna að stofnun sérstakra deilda eða veiðifélaga innan sama fiskihverfis þar sem væru deilur leiddi sjaldnast til annars en magna deilurnar. Guðni Magnús sagðist reiðubúinn að aðstoða eftir föngum við að leysa þau deilumál sem væru við Jöklu.

ARÐSKRÁRNEFND OG ÖNNUR AÐALFUNDARSTÖRF

Á aðalfundinum kynnti Þorvaldur P. Hjarðar vinnu arðskrárnefndar og hvernig útreikningar liggja fyrir varðandi hverja jörð. Frá því er sagt hér á öðrum stað í fréttabréfinu. Að lokinni kynningu Þorvaldar var svohljóðandi bókun samþykkt samhljóða:

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal haldinn 16. apríl 2016 í Brúarási lýsir yfir ánægju með vinnu arðskrárnefndar. Fundurinn felur nefndinni að kynna fyrirbyggjandi drög að arðskrá fyrir öllum veiðiréttarhöfum á næstu mánuðum með það að markmiði að leggja megi arðskrána til afgreiðslu fyrir félagsfund á haustmánuðum.

Hefðbundin aðalfundarstörf gengu hratt fyrir sig. Aðeins lá fyrir að kjósa um sæti formanns í stjórn félagsins og fékk Aðalsteinn Jónsson ekkert mótframboð og var því sjálfkjörinn. Litlar breytingar urðu við kosningar í nefndir.

Aðalfundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að grunnleigugjald vegna Jöklu hækkaði um 11% en næsta endurskoðun leigugjalds er 2018 í leigusamningi sem gildir til 2021.

Á aðalfundinum var jafnframt opnuð heimasíða og kynnt hönnun á skiltum fyrir veiðistaði en það því er vikið hér á öðrum stað.

Arðskrártillaga send út til veiðiréttarhafa

Hverju veiðifélagi er skylt að setja sér arðskrá skv. lögum til að hafa til grundvallar við úthlutun arðs til veiðiréttarhafa eða vegna skiptingar á kostnaði. Arðskrárnefnd hefur verið að störfum frá 2014 þegar hún var kosin. Bakkamælingar Jökulsár voru unnar af RML út frá fallbótamælingu LV en fiskgengur hluti hliðaráa var mældur af nefndinni sjálfri með aðstoð björgunarsveitarinnar Jökuls. Allar þessar mælingar voru unnar inn í kortagrunn og um uppsetningu og útreikninga sá Skarphéðinn Smári Þórhallsson hjá Logg landfræði & ráðgjöf. Á aðalfundi 2016 kynnti Þorvaldur P. Hjarðar þau drög að arðskrá sem liggja fyrir. Forsendur við gerð arðskrár eru eftirfarandi:

1. Heildareiningafjöldi er 10.000 einingar sem skiptast þannig:

- ◆ Veiði 5000 einingar (lax 4000 einingar og silungur 1000 einingar)
- ◆ Bakkalengd og vatn 3000 einingar (bakkalengd við Jöklu 2500 einingar og vatnsmagn hliðaráa 500 einingar)
- ◆ Uppeldisskilyrði 2000 einingar en þær verða teknar inn seinna þar sem mat á búsvæðum hefur ekki farið fram.

Heildareiningafjöldi fyrstu arðskrár sé því 8000 einingar.

2. Mismunandi vægi svæða með tilliti til vatnsmagns sé eftirfarandi:

- ◆ Jökla frá Héraðsflóa að Gilsá. Stuðull 1,0
- ◆ Jökla, Gilsá að Hrafnkelsdalsá. Stuðull 0,7
- ◆ Jökla ofan Hrafnkelsdalsá. Stuðull 0,5

3. Veiðitölur frá 2007 eftir veiðistöðum eru reiknaðar inn og skiptast jafnt á þær jarðir sem eiga land að viðkomandi veiðistað.

Þetta fréttabréf er sent út með bréfi frá arðskrárnefnd með útreikningum vegna hvernar jarðar. Frestur veiðiréttarhafa til að gera athugasemdir við arðskrártillögu er sex vikur frá póstlögn bréfsins. Athugasemdir eiga að vera skriflegar og stílaðar á formann arðskrárnefndar, Þorstein P. Gústafsson. Geta veiðiréttarhavar haft beint samband við arðskrárnefnd til að fá frekari skýringar. Jafnframt boðar arðskrárnefnd til fundar í Brúarási 1. september kl. 20 þar sem þeir veiðiréttarhavar sem þess óska geta mætt og farið verður yfir athugasemdir.

Arðskrártillagan í heild sinni liggur frammi hjá félagsformanni Á Hreindýraslóðum til skoðunar fyrir veiðiréttarhafa fram til 1. ágúst.

Eins og samþykkt var á aðalfundi 16. apríl er markmið stjórnar að leggja arðskrána til afgreiðslu fyrir félagsfund á haustmánuðum.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2007-2015. Tafla úr skýrslu Veiðimálastofnunar.

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralin smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	119	49	385	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
Alls	1742	550	765	401	3458	480.100	169.100	164.700

Stjórn og nefndir Veiðifélags Jöklu

Stjórn:

Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli
formaður. allij@centrum.is.
s. 895-1085.

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
bakka, ritari. skulibg@simnet.is.
s. 860-2985.

Pórarinn Hrafnkelsson,
Hallgeirsstöðum, gjaldkeri.
totihelga@simnet.is.

Bragi S. Björgvinsson, Eiríksst.
bragi@eiriksstadir.com

Vilhjálmur Snædal, Skjöldólfssst.
vsnaedal@simnet.is

Varamenn:

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Benedikt Ólason, Gauksstöðum

Skoðunarmenn:

Arnór Benediktsson, Hvanná
Jón Helgason, Refshöfða
Snæbjörn Ólason, Hauksst. til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hlíðar Eiríksson, Hlíðarhúsum
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2

Varamenn:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.

Arðskrárnefnd:

Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2.
Lárus Dvalinsson, Vörðubrun
Gestur Hallgrímsson, Blöndub.
Þorvaldur Pálsson, Hjarðarhaga
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs: Skúli Björn Gunnarss.

Fréttir úr starfi félagsins

Heimasíða fyrir veiðifélagið - www.jokla.org

Á aðalfundi félagsins í Brúarási var opnuð heimasíða fyrir veiðifélagið. Hefur hún vefslóðina www.jokla.org. Markmiðið með opnun heimasíðu er að hafa á einum stað gögn aðgengileg fyrir félagsmenn og miðla upplýsingum um starfsemi. Þar er að finna tengingar við rannsóknir og skýrslur sem gerðar hafa verið um vatnasvæðið, hlekkir á myndbönd, ljósmyndir og veiðikort verða líka sett þar inn. Samþykktir, fundargerðir og fleiri gögn verða þar einnig. Eru félagsmenn hvattir til að fara inn á síðuna og smella á „follow“ - hnapp sem birtist neðst á síðunni. Þá munu þeir eftirleiðis fá tilkynningu í tölvupósti þegar nýjar fréttir eru settar inn.

Merkingar veiðistaða

Á aðalfundi var kynnt tillöga frá Jóni Björgvin Vernharðssyni um samræmd skilti til að merkja veiðistaði. Féll sú hönnun í góðan jarðveg og hefur stjórn samið við Jón Björgvin um skiltagerð. Veiðistaðir Jöklu eru margir og því er gert ráð fyrir að það taki nokkur ár að koma upp þessum skiltum. Við forgangsörðun verður m.a. tekið tillit til veiddra fiska. Samráð verður haft við landeigendur við að koma skiltunum fyrir og óskað eftir aðstoð þeirra við það verk.

Veiðikortagerð

Stjórn veiðifélagsins ákvað á síðasta ári að kaupa þann kortagrunn sem leigutaki hafði látið vinna af Jöklu og þverám hennar. Það var Haukur Guðmundsson frá Hrólfsstöðum sem vann þann grunn og hefur félagið samið við hann um að halda áfram veiðikortagerð fyrir félagið. Í sumar verða gefin út prentuð veiðikort af veiðisvæðinu og áfram unnið að rafrænni kortagerð fyrir snjallsíma.

Vegagerð og stígagerð

Sumarvinnuhópur Landsvirkjunar lagaði göngustíga að veiðistöðum síðasta sumar. Þeirri vinnu verður haldið áfram en landeigendur eru einnig hvattir til að laga aðgengi eftir mætti. Félagið fékk 350.000 kr. styrk úr Fiskræktarsjóði til að laga veiðivegi og er gert ráð fyrir vinnuframlagi hjá landeigendum sem mótframlagi. Haft verður samband við landeigendur vegna þessa en einnig geta þeir sótt um til stjórnar að fá fjármagn til að laga vegi að veiðistöðum.